

IV bindi Kennara tals komið út

ÚT ER komið IV bindi Kennaratalisins með 2.779 æviágripum kennara sem hafa upphafsstafina H-Ó. Með þessu 4. bindi eru æviágrip Kennaratalisins orðin 8.461. Telja má víst að æviágrip 1.-5. bindis verði yfir 11 þúsund og er þetta því stærsta stéttatal sem gefið er út á Íslandi. Útgefandi Kennaratalisins er Prentsmiðjan Oddi hf. og er hægt að fá bindin keypt hjá útgefanda og í bókaverslunum.

Nú er unnið að lokabindi Kenn-

aratalisins. Í því verða æviágrip þeirra kennara sem hafa P-Ó að upphafsstöfum og ný æviágrip og viðbætur við þá kennara sem voru í gamla kennaratalinu með sömu upphafsstöfum. Þá verða í þessu bindi æviágrip kennara sem af einhverjum ástæðum hafa fallið úr þeim fjórum bindum sem komin eru út.

Allir þeir kennarar sem hér eiga hlut að máli eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við ritstjórn bókanna hið allra fyrsta.



Á myndinni eru Björgvin Jóhannsson forstöðumaður, Hreggviður Jónsson framkvæmdastjóri og frá Svölunum þær Jenný Forberg, Guðný S. Kristjánsdóttir, Björg Ingólfsdóttir og Ástríður Jónsdóttir.

Svölurnar gefa Skálatúnsheimilinu sjúkrabað

NÝLEGA afhentu Svölurnar forráðamönnum Skálatúnsheimilisins sjúkrabað að gjöf. Hér er um að ræða Arjo-sjúkrabað af fullkomnu gerð og kostar það kr. 650 þúsund.

Baðið er ætlað fötluðu fólki og

er búið fullkomnum nuddtækjum. Þessi gjöf gjörbreytir aðstöðu fyrir þá mörgu fötluðu einstaklinga sem þurft hefur að baða við mjög erfiðar aðstæður, segir í frétt frá Skálatúnsheimilinu.

Tónleikar í Bústaðakirkju

Framhaldskór Tónlistarskóla Rangæinga heldur tónleika í Bústaðakirkju miðvikudaginn 6. maí næstkomandi í samvinnu við AFS á Íslandi.


Kórinn, sem skipaður er eldri nemendum Tónlistarskólans, er að fara í hljótleikaferð til Bandaríkjanna 15. maí nk. Þar mun kórinn halda fimm tónleika á níu daga ferð, sem hefst í borginni Charlotte í Norður-Karólínu.

Á tónleikunum í Bústaðakirkju mun kórinn kynna þá efnisskrá sem flutt verður í Bandaríkjaferðinni.


Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við AFS á Íslandi, Alþjóðleg fræðsla og samskipti, sem er félag sem starfar mikið að nemendaskiptum milli landa. Á tónleikunum mun kórinn flytja nýtt lag sem samið hefur verið sérstaklega fyrir félagið.

Atvinnuhúsnæði

Glæsilegt úrval af ýmiskonar atvinnuhúsnæði víðsvegar um borgina.



Suðurlandsbraut 4



Til sölu er þetta 4000 fm glæsilega verslunar- og skrifstofuhúsnæði á 6 hæðum við Suðurlandsbraut 4, húsið afhendist tilbúið undir tréverk og sameign fullfrágengin í lok ársins. — Hægt er að skipta hæðum í smærri einingar ef með þarf.

— Góð staðsetning, frábært útsýni.

BYGGINGARÁÐIL:

Steintak hf

Stórhýsi/Kópavogur

Til sölu rúml. 1500 fm hús á þremur hæðum í miðbæ Kópavogs. Á götuhæð er ca 615 fm óskiptur salur, með góðri lofthæð. Aðrar hæðir hentugar fyrir hvers kyns iðnað eða skrifstofur. Selst í einu lagi. Einkasala.

Mjóddin/Verslunarhúsn.

Nýkomið í sölu á besta stað (við hliðina á Kaupstað) 448 fm verslunarhúsn.

Í Austurveri

Til sölu 210 fm húsnæði á götuhæð, auk 40 fm í kj.

Í Miðbænum

Í næsta nágrenni við Laugavegin er til sölu ca 180 fm iðnaðarhúsn. í góðu ástandi, með mikilli lofthæð. Hentugt fyrir margháttða starfsemi, t.d. litla prentsmiðju, heildverslun, listiðnað, ljósastofu o.fl.

Bíldshöfði/Atvinnuhúsn.

Tilb. u. trév. Tvær hæðir með lyftu, hvor hæð 570 fm. Mikið útsýni. Hagstætt verð.

VAGN JÓNSSON

FASTEIGNASALA SUÐURLANDSBRAUT 18 SÍMI: 84433
LÖGFRÆÐINGUR: ATLI VAGNSSON

Listmálarafélagið

Myndlist

Valtýr Pétursson

Ellefu félagar í Listmálarafélaginu eiga verk á sýningu félagsins á Kjarvalsstöðum að þessu sinni. Einnig eru sýnd þar fimm olumálverk til heiðurs og í minningu Snorra heitins Arinbjarnar, en hann var einn af brautryðjendum í myndlist hér á landi. Okkur sem að þessari sýningu stöndum þótti of hljótt um Snorra sem málara og tímabært að koma sýnishorni af verkum hans fyrir sjónir almennings, ekki sízt til að minna unga fólkið á hvílskur máleri Snorri var. Alls eru því verk eftir tólf málara á þessari sýningu.

Starf Listmálarafélagsins hefur aðallega verið fylgið í sýningarhaldi á undanförunum árum eða allt frá því er félagið var stofnað, en það hefur staðið að rekstri sýningarsalarins á Vesturgötu 16, en þar hafa verið haldnar bæði einkasýningar og samsýningar félagsmanna. Og þegar í stærri verkefni hefur verið ráðizt hafa Kjarvalsstaðir verið vettvangur samsýninga félagsmanna. Ef ég man rétt er þetta þriðja sýning félagsins Kjarvalsstöðum og ein sú veigamesta. Og það er sannarlegur viðburður að fá að sjá þessi úrvalsverk eftir Snorra Arinbjarnar þarna á veggjum, en þau eru fæst á almannaferi undir venjulegum kringumstæðum. Litsjón Snorra var afar persónuleg og teikning sérstök. Hann dýrkaði formið á sinn hátt og samóf það fyrirmyndum sínum, þannig að úr varð myndræn upplifun, sem engan átti sér líka í myndrænni þróun hér á landi og þótt víðar væri leit að. Litur og form urðu að samverkandi heild í meðferð hans og endanleg áhrif sterk og magnþrungin. Þeir sem þekktu til persónuleikans Snorra Arinbjarnar minnst hans sem einstaks listamanns og öðlings, sem gekk hljóðlega um veg listarinnar án lúðrasveitar og kröfuspjalds. Hann vann flest verk sín í einangrun frá heimsins glaumi, en lagði þess meira af mannviti og reynslu í verk sín. Hér fáum við að sjá gott dæmi um þá myndlist, sem Snorri skóp, en afköst hans eru miklu merkilegri en menn yfirleitt gera sér grein fyrir. Ég álit, að Listmálarafélagið hafi unnið afar þarft verk með því að heiðra Snorra Arinbjarnar á þann hátt, sem hér er gert, og nú mega engir missa af því gullna tækifæri, sem hér gefst til að kynna þess-



Upp þrepin eftir Snorra Arinbjarnar. Olía frá 1942.

um merka málara.

Þar sem báðir myndlistargagnrýnendur Morgunbladsins eiga verk á þessari sýningu verður ekki tíundað framlag hvers og eins að þessu sinni. Ég bendi aðeins á örfá nöfn, sem öll eiga það sameiginlegt að standa að ágætum verkum: Jóhannes Jóhannesson, Hafsteinn Austmann, Jóhannes Geir, Einar Þorláksson og Elfas Halldórsson, en hann er nú fluttur til Reykjavíkur frá Sauðárkróki, en þar bjó hann um langan aldur, en hefur nú gerzt virkur í myndlistinni hér fyrir sunnan. Engum stíl er hampað öðrum fremur á þessari sýningu. Þarna eru ýmsar tegundir málverks: landslag, maðurinn, abstrakt expressionismi og ljórænn symbolismi, ásamt því sem kallast súper realismi á vondu máli. Af þessari upptalningu má sjá, að flestir ættu að geta fundið eitthvað fyrir sinn smekk, enda úr miklu að velja. Ugglaust má finna sér ýmislegt til nöldurs, en hvað er eðlilegra, þegar svo margir listamenn eiga í hlut? En látum slíkt eiga sig að sinni.

Hér eiga í hlut margreyndir listamenn og vel hefur verið van-

dað til sýningarinnar. Það eru ef til vill ekki neinar byltingarkenndar nýjungar á ferð og menn virðast ekki uppteknir af því að bjarga veröldinni, en leggja þess meiri áhræzlu á myndræn gæði verka sinna, eins og oft á tíðum gerist með aldrinum hjá alvarlegum listamönnum. Það mætti ef til vill nota orð, sem hefur mikið heyrt undanfarið í allt öðru sambandi og segja, að það væri viss stöðugleiki í þessum verkum, sem væri summa af áratuga baráttu við myndgerð, vissulega sterkur þáttur í þróun íslenskrar myndlistar á þessari öld.

Sjón er sögu ríkari, það er fróðlegt að sjá þessa sýningu og bera hana saman við það, sem nýjast kemur fram á sjónarsviðið, en fjöldi sýninga um hverja helgi nú er eins og venjulega var yfir árið fyrir nokkrum áratugum. Það er sterk lífsorka í myndlist meðal okkar og það gefur augaleið, að ekki geta allir orðið þeir Rembrantar, sem þeir vildu gjarnan vera. Sýning Listmálarafélagsins er merkileg í alla staði og hefur sannarlega sínu hlutverki að gegna.